Allt fyrir þetta álítur dómsmálastjórnin, að ekki ætti að 1858.
sleppa allri von um, að sjá þessari fyrirætlun framgengt, þegar 23. janúar.
kríngumstæðurnar leyfa það, og eg verð því að biðja herra stiptamtmanninn, þegar jafnaðarsjóður suður-umdæmisins getur risið undir kostnaði þeim, sem af því leiðir, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úngur og vel gáfaður Íslendíngur, með kostum þeim sem brèf innanríkisstjórnarinnar tekur til, verði látinn sigla híngað, til þess að nema dýralækníngafræði, og skal hann skyldur, þegar hann hefir numið þessa fræði, að taka sèr bústað og fást við dýralækníngar í suður-umdæminu.

---

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um kostnað í málum um rèttindi umboðsjarða. 23. janúar.

Þareð herra amtmaðurinn hefir verið í vafa um, að hve miklu leyti greiða skuli kostnað þann úr umboðssjóðunum, sem rís af málum þeim, er höfðuð eru um rèttindi umboðsjarða, hafi þèr í þóknanlegu brèfi 27. janúar f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar á þessum atriðum:

a) við sættaumleitun:

1) að hve miklu leyti megi greiða vanalega borgun til sættarnefndamanna og stefnuvotta, og endurgjald fyrir ferðalag hinna síðastnefndu;

2) að hve miklu leyti umboðshaldarar geti heimt ferðakostnað og fæðispeníngа, þegar þeir takast ferð á hendur til sættafundarins;

b) fyrir rètti:

3) hvort dómaranum hvorki megi gjalda borgun fyrir rèttarhald nè skriptir, eða máske einúngis fyrir hið síðarnefnda;

4) um upphæð á fæðispeníngum dómara;

5) hvort umboðshaldari geti fengið bæði ferðakostnað og fæð-

1858. 23. janúar. ispeninga fyrir að mæta í rètti, og ef svo er, þá um upphæð á þessu.

Þessu til svars læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar að skýra yður frá:

við 1) að í málum þeim, sem hèr ræðir um, ber að greiða bæði sættanefndarmönnum og stefnuvottum borgun þá, sem þeim í lögum er áskilið, smbr. tilskipun 20. janúar 1797 gr. 24. og 40, opið brèf 6. apríl 1827 og tilskipun 21. desember 1831 III 1. gr.; þarhjá má gjalda stefnuvottum ferðakostnað, samkvæmt ákvörðunum í 63. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830;

við 2) samkvæmt rentukammerbrèfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 geta umboðshaldarar hvorki reiknað sèr ferðakostnað nè fæðispeninga á ferðum sínum til sættafundarins.

við 3) dómarar geta hvorki heimt borgun fyrir rèttarhald nè fyrir skriptir, smbr. 13. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830 og rentukammerbrèf 19. febrúar 1842 í niðurlagi.

við 4) hvað upphæð fæðispeninga snertir, þá skal fara eptir reglum þeim, sem gefnar eru í kansellíbrèfi 9. júní 1838;

við 5) þegar þannig er ástatt hafa umboðshaldarar ekki rètt á að heimta ferðakostnað eða fæðispeninga, en samkvæmt rentukammerbrèfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 eiga þeir kost á að fá endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir beinlínis hafa haft, og skal amtmaður þá meta endurgjald þetta.

---

13. febrúar. **3. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um afsalsbrèf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.**

Dómsmálastjórnin hefir sent hingað brèf frá herra stiptamtmanninum og yður, háæruverðugi herra! 26. febrúar f. á.,